**16. fundur**

12. nóvember 2020.
1703036SA IRÓ
Málalykill: 16.10

# Fundargerð samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn þann 12. nóvember 2020 í fjarfundi og hófst kl. 13:00.

Fulltrúar BSRB voru: Arna Jakobína Björnsdóttir, Guðbjörn Arngrímsson og Karl Rúnar Þórsson.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga voru: Benedikt Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

1. **Bókun um breytingar á framkvæmd starfsmats hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga**

   *„Til samræmis við vinnulag Starfsmatsnefndar Reykjavíkurborgar, svokölluð Reykjavíkurleið samþykkir Framkvæmdanefnd starfsmats að taka upp eftirfarandi vinnulag varðandi framkvæmd mats á tveimur þáttum í starfsmatskerfinu SAMSTARF, þ.e. ábyrgð á stjórnun (10 þáttur) og ábyrgð á fjármunum (11. þáttur).“*

   Bókunin var samþykkt á fundi Framkvæmdanefndar starfsmats þann 4. maí 2020. Framkvæmdanefnd starfsmats hefur jafnframt samþykkt breytingar á starfsmatsniðurstöðum vegna bókunar um Reykjavíkurleið og mun breytingin gilda frá 1. september 2020.

   Samráðsnefnd SNS og BSRB sveit staðfestir hér með bókun Framkvæmdanefndar.

2. **Félagsmannasjóður**

   Aðilar eru sammála um að færa skuli inn starfshlutfall starfsmanna í skilagreinar til Kötlu félagsmannasjóðs skv. gr. 13.10.1. til að tryggja rétta útgreiðslu úr sjóðnum.

3. **Stytting vinnuvikunnar**

   Rætt um innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 14:00.